

Ed.

362. Nefndarálit

[47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Í kjölfar samninga á vinnumarkaði í febrúar 1986 voru samþykktar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þó náðu aðeins til hluta lánakerfisins og voru reyndar samþykktar með þeim fyrirvara sem fram kemur í nefndaráliti meiri hl. þáverandi félagsmálanefndar á þskj. 1017 (108. löggjafarþing) að húsnæðislánakerfið yrði tekið til gagnerrar endurskoðunar með sérstöku tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn, svo og með því að kanna leiðir til að koma til móts við þá sem hafa lent í verulegum greiðsluferfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.

Slík endurskoðun hefur enn ekki farið fram og verður því að líta á breytingar á núgildandi lögum sem bráðabirgðalausn til að leysa úr brýnasta vandanum nú vegna þeirra fjölmörgu umsókna sem liggja hjá Húsnæðisstofnun.

Frumvarpið hefur það að markmiði að tryggja betur forgang þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu, draga úr sjálfvirkni í útlánnum og fjárþörf húsnæðiskerfisins og draga úr þenslu á fasteignamarkaði.

Með frumvarpinu er ekki verið að gera grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfinu en endurskoðun er nauðsynleg í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af núgildandi lánakerfi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að færa í forgangshóp þá sem eiga ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Þetta er mikilvæg breyting vegna þess að margar stórar fjölskyldur eru oft í mun erfiðari aðstöðu en ýmsir sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn.

Sjálfsögð er sú breyting á núgildandi lögum að takmarka rétt þeirra sem eiga margar íbúðir eða miklar eignir. Enn fremur telur minni hl. að þeir sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn, svo og þeir sem eru að stækka við sig vegna ófullnægjandi íbúðarhúsnæðis, eigi að hafa rétt til lána hjá Húsnæðisstofnun með lágum vöxtum. Þeir sem búa við góðar húsnæðisaðstæður ættu að fá lán með annars konar kjörum, annaðhvort hjá Húsnæðisstofnun eða bönkum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að hætt verði að gefa bindandi svar um lánstíma og lánsupphæð fyrr en a.m.k. einu ári áður en lán er veitt. Hins vegar fái menn svar innan þriggja mánaða frá umsókn um það hvort þeir eigi rétt á láni. Minni hl. óttast að sú tilhögun komi ekki í veg fyrir verslun með þá pappíra sem fólk fær í hendur eins og tíðkast hefur í einhverjum mæli með þau lánsloforð sem fólk fær nú. Því ætti ekki að gefa nein svör um lán fyrr en endanlegt svar um lánstíma og lánsupphæð liggur fyrir og flytur minni hl. breytingartillögu þess efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1987.

Guðrún Agnarsdóttir,
frsm.

Svavar Gestsson.